

M-77/2008 Álit 15. desember 2008

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 15. desember 2008 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit málinu nr. M-77/2008.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 11. nóvember sl. bað X, hér eftir einnig nefnd álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á sófa hjá fyrirtækinu Y.

Álitsbeiðandi segir sófann vera gallaðan og gerir kröfur í eftirtalinni röð:

1. Að gert verði við sófann.
2. Að sófinn verði endurgreiddur.
3. Að hún fái nýjan sófa eða svipaðan.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 11. nóvember sl., gaf kærunefndin Y kost á andsvörum og bærust gögn frá versluninni 19. nóvember sem kærunefndin telur að líta verði á sem synjun á kröfu álitsbeiðanda. Álitsbeiðanda var ritað bréf, dags. 20. nóvember, og henni gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau gögn sem seljandi sendi og frestur til þess til 1. desember sem framlengdur var til 8. desember að ósk álitsbeiðanda. Engar athugasemdir bárust. Með bréfi, dags. 10. desember sl., var aðilum tilkynnt að nefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt sófa 23. desember 2007 af Y og samkvæmt kvittun fyrir greiðslu kaupverðsins var það kr. 119.907. Samkvæmt gögnum málsins mun vera um að ræða „.....“ hornsófa væntanlega fimm sæta. Álitsbeiðandi segir að eftir fimm mánaða notkun hafi gallar á sófanum komið í ljós. Í tölvupósti frá álitsbeiðanda 22. júní sl. eru taldir upp hinir og þessir gallar. Álitsbeiðandi kveðst hafa hringt í seljanda sem hafi lagt henni til nýjan sófa í júlí 2008.

Í september sl. segist álitsbeiðandi hafa tekið eftir því að nýi sófinn hafi verið farinn að síga niður vinstra megin, eins og fyrri sófinn hafi gert, og finnist fyrir slám þegar sest sé í sófann. Maður hafi komið frá seljanda til að skoða sófann og sagt að ekkert væri að honum. Þá hafi hún hringt í A sem sé yfirmaður í húsgagnadeild seljanda sem hafi sagt að hann gæti ekkert gert þar sem hann yrði að treysta áliti þess manns sem sófann hefði skoðað. Álitsbeiðandi segir að sér hafi verið sagt við kaupin að sófinn ætti að duga í nokkur ár.

IV

Andsvör seljanda

Í þeim gögnum sem seljandi sendi kæruneftndinni eru tveir tölvupóstar til seljanda frá B sem mun vera starfsmaður seljanda. Í tölvupósti frá 16. júlí sl. segir af því að fyrri sófinn sem álitsbeiðandi keypti hafi verið skoðaður og skipt út 15. júlí 2008. Sófinn hafi verið með dæld ofan á arminum og hafi það verið eftir flutning á sófanum að sögn álitsbeiðanda. Seturnar á þeim hluta sófans sem séu næst hillum hafi verið töluvert signar eftir aðeins 7 mánaða notkun. Þá megi merkja saumsprettu á einum stað sé vel að gáð. B kveðst hafa afhent álitsbeiðanda nýjan sófa sama dag sem hún hafi verið ánægð með.

Í tölvupósti B til seljanda frá 17. október sl. segir eftirfarandi:

„Laugardaginn 11. október 2008 kl. 14.20 skoðun. Ég tók myndir af sófanum og prófaði að setjast í hann og það var ekkert sem sýndi mér að þessi sófi væri gallaður eða hann væri ekki eins og sýningareintakið þegar maður settist í hann. Í samtali sem ég átti við þau áður en ég fór í þessa skoðun mátti greina að þau vildu ekki annan svona sófa heldur vildu þau fá endurgreiddan helst. Þau eru byrjuð að hringja í D á fullu núna og reyna til fulls að fá það sem þau ætla sér í þessu máli.

Eins og ég hef sagt þá er mitt mat að það á ekki að gera neitt fyrir þau núna, það sem við gerðum í sumar að skipta út sófanum þá var meira en nóg þar sem kvartað var út af skemmdum sem áttu að hafa gerst við flutning þegar þau fengu hann fyrir jólin 21. des. 2007.“

Kæruneftndin álitur að framangreindan tölvupóst sem seljandi sendi nefndinni beri að skýra svo að hann hafni kröfum álitsbeiðanda.

V

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðenda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1.-3. mgr. 1. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Eins og fram kemur í því sem að framan er rakið fékk álitsbeiðandi nýjan sófa frá seljanda 15. júlí sl. í stað sófa sem hún hafi keypt hjá honum 21. desember 2007. Það sýnist vera tæpum þremur mánuðum eftir að álitsbeiðandi fékk seinni sófann að hún kvartar undan því að hann sé gallaður, en hún segist hafa orðið þess vör í september sl. að sófinn hafi sigið niður þegar sest var í hann og fundist hafi fyrir slám undir sessunum. Hafi þetta verið á sama stað og á fyrri sófanum.

Starfsmaður seljanda lýsti skoðun sinni á fyrri sófanum svo að seturnar á þeim hluta sófans sem séu næst hillum hafi verið töluvert signar og verður að gera ráð fyrir því að álitsbeiðandi telji nýja sófann haldinn sama eða svipuðum galla. Við skoðun á nýrri sófanum 11. október sl. segir sami starfsmaður seljanda að hann hafi ekkert fundið sem sýnt hafi sér að sófinn væri gallaður eða ekki eins og sýningareintakið hjá seljanda. Hér er ekki um óhlutdrægan aðila að ræða en hins vegar er ekkert sérstakt sem bendir til þess að starfsmaðurinn segi ekki rétt frá því sem honum fannst koma fram við skoðunina. Af myndum sem starfsmaðurinn tók verður ekki séð að neitt sé að sófanum en hafa ber þó í huga að álitsbeiðandi telur gallann á sófanum koma fram þegar sest er í hann.

Kröfur álitsbeiðanda nr. 2 og 3 eru annars vegar að kaupunum verði rift eða seljandi leggi til nýjan sófa. Enda þótt byggt yrði á því að í ljós sé leitt að sá galli sé á sófanum sem álitsbeiðandi lýsir væri að álití kærunevndarinnar ekki um slíkan galla að ræða að riftun komi til álita, sbr. ákvæði 32. gr. laga nr. 48/2003 eða forsendur fyrir því að seljandi afhendi álitsbeiðanda nýjan sófa, sbr. ákvæði 1. mgr. 29. gr. sömu laga.

Að álití kærunevndarinnar eru atvik í þessu máli með þeim hætti að telja verður ósannað að sá galli sé á sófanum sem leitt geti til þess að álitsbeiðandi eigi kröfu á seljanda samkvæmt ákvæðum neytendakaupalaganna um sérstakar úrbætur á sófanum. Niðurstaða kærunevndarinnar er því sú að hafna verði kröfum álitsbeiðanda.

VI Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir